

ist, að þau ætti að fá hundrað franka á hverjum mánuði, fóru þau að hugsa sig um, ráðfæra sig með augnráðinu hvort við annað, og voru í miklum vanda. Þau þögðu langa stund og sýndu, að sá á kvöl, sem á völ. Loks spurði konan : „Hvað lízt þér, bóndi minn?“ Með nokkurum spekingssvip svaraði hann : „Það er ekkert skammar-boð!“

Frú d'Hubrieres titraði af angist, og fór að tala um framtíð barnsins, um hvað hann skyldi eiga gott og um peningana, sem hann gæti gefið þeim síðar.

„Verður þessum tólfhundrað-franka-iðgjöldum lofað á skjalavarðar strifstofu?“

„Vissulega, og byrja á morgun“, svaraði d'Hubrieres.

Konan hélt áfram meðan hún var að velta þessu fyrir sér :

„Hundrað frankar á mánuði er eigi nóg fyrir missi barnsins. Það færi að vinna eftir nokkur ár; við verðum að fá hundrað og tuttugu franka.

Frú d'Hubrieres hoppaði upp af óþolinmæði og tók því feginsamlega, og af því hún vildi fá barnið með sér, fekk hún þeim hundrað franka að gjöf, meðan maður hennar ritaði samnings-skjalið.

Og gleðin skein út úr þessarri ungu konu, er hún bar drenghnokkann háorgandi brott eins og óparfa, sem vakið hefir ágirnd manns, og borinn er út úr búð.

Tavache-hjónin stóðu í dyrnm og sáu hana fara ; þögul, þungbúin, sáu ef til vill eftir að hafa hafnað.